

## STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2004. Miðvikudaginn 27. október var haldinn 242. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Bláfjallaskála og hófst kl. 17:30  
Viðstaddir voru: Ingvar Sverrisson formaður, Páll Grétarsson, Andrés Ingólfsson, Páll Ármann Eggertsson, Ingi Þór Hermannsson, Sigurður Guðmundsson, Sigmundur Stefánsson og Ragnar Örn Pétursson.

Jafnframt: Þorsteinn Hjaltason fólkvangsvörður, Grétar H. Þórisson forstöðumaður og Logi Sigurfinnsson framkvæmdastjóri sem skrifaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fundarmenn fóru í vettvangsskoðun og skoðuðu framkvæmdir við nýja lyftu á svæðinu.
2. Lögð fram fundargerð seinasta fundar. Ekki voru gerðar athugasemdir.
3. Lagðar fram fundargerðir rekstrarstjórnar nr. 62 og 63.
4. Lögð fram skýrsla Jóhanns Friðriks Haraldssonar v/hugsanlegrar snjóframleiðslu í Bláfjöllum.  
Framkvæmdastjóra falið að vinna að frekari skoðunum á möguleikum og hagkvæmni snjóframleiðslu.
5. Forstöðumaður sagði frá stöðu framkvæmda við nýja skíðalyftu, en þær eru á áætlun. Fundarmenn lýstu ánægju með framgang mála.
6. Lagt fram bréf skrifstofustjóra íþróttá- og tómstundaráðs dags. 26. okt. sl. þar sem óskað er eftir fulltrúa SHB í viðræðuhóp vegna skíðasvæðisins við Hengil og mögulegan flutning skíðadeildanna í Bláfjöll.  
Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri taki þátt í viðræðunum.
7. Lögð fram eftirfarandi tillaga að gjaldskrá:

#### Dagskort virka daga

Fullorðnir	1.300
Börn	500

#### Dagskort helgar

Fullorðnir	1.500
Börn	500

#### Árskort

Fullorðnir	16.000
Börn	8.000

**Æfingakort** 4.500

**Mánaðarkort**

Fullorðnir 8.000

Börn 4.000

**Rútuferðir**

Mjódd-Skiðasvæði-Mjódd 500

Gjaldskráin samþykkt samhljóða með fyrirvara um opnun nýrrar lyftu í Bláfjöllum í vetur.

8. Lagt fram bréf formanns Vélsleðadeildar KKA dags. 22. sept. sl. þar sem óskað er eftir samstarfi vegna aðstöðu fyrir vélsleðamenn í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Vísað til framkvæmdastjóra.
9. Nafnasamkeppni sbr. 236. fund lið 3. Framkvæmdastjóri lagði fram reglur um nafnasamkeppni vegna lyftna á skíðasvæðunum. Samþykkt og vísað til nefndar um nánari útfærslu

Kl. 19:30 vék Ragnar Örn Pétursson af fundi.

10. Rætt um samstarf við SKÍ. Vel tekið í fyrirbyggjandi hugmyndir. Vísað til framkvæmdastjóra til nánari útfærslu.

Fundi slitið kl. 19:45

Ingvar Sverrisson

Páll Grétarsson  
Páll Ármann Eggertsson  
Sigurður Guðmundsson

Andrés Ingólfsson  
Ingi Þór Hermannsson  
Ragnar Örn Pétursson